

2.stjórnarfundur Kraftlyftingasambands Íslands var haldinn þriðjudaginn 8.júni kl. 17.00 á skrifstofu sambandsins í Laugardal. Mættir: Kári Rafn, Guðjón, Auðunn, Birgir, Sigurjón og Gry.

Þetta gerðist:

1. Fundargerð síðasta fundar.  
Engar athugasemdir voru gerðar við fundargerð og skoðast hún samþykkt.
2. Heimsókn hjá UMF Selfoss. Guðjón sagði frá fundi sem hann, Sigurjón og Gry áttu með fulltrúm UMF Selfoss og kraftlyftinganefndar þeirra .... Á fundinum var ný stjórn kraftlyftinganefndarinnar kosin og framtíð hennar rædd. **Formaður nýrrar stjórnar er Bryndís Ólafsdóttir**
3. Opinberir styrkir. Guðjón hefur verið í sambandi við ÍBA og rætt um opinberar styrkveitingar til íþróttamála og komið á framfæri þá skoðun KRAFT að löglegir aðilar að ÍSÍ hafi forgang um slíkar styrkveitingar. Guðjón upplýsti líka um fyrirhugaðan fund ÍBA og KFA þar sem framtíð félagsins og íþróttarinnar verði til umræðu. **Guðjón mun reyna að fylgja málinu eftir og halda til haga ofangreindum sjónarmiðum.**
4. Skráning félagsmanna. Guðjón kannar stöðu félaganna í skráningu í Felix.
5. Ný heimasíða kraft.is er komin í loftið. Stjórnin þakkar Klaus Jensen fyrir hans velvild og mikla vinnu í þágu sambandsins.
6. Skráning á mót. Stjórnin ákvað að hafa það fyrirkomulag framvegis að greiðsla keppnisgjalda verður að inna af hendi áður en skráning tekur gildi. Gry sér um framkvæmd.
7. Mótaskrá. Tillögur um mót á næsta ári eru farin að berast. Birgir kannar hver vill halda bikarmót 2010, Íslandsmeistaramótið í bekkpressu 2011 og Íslandsmótið 2011. Gry setur grein á kraft.is og hvetur félög til að taka að sér að halda mót.
8. Samskipti við útlönd. Stjórnin hefur hug á að halda alþjóðlegt mót á Íslandi fljótlega. Rætt var um WEC og Norðurlandamót unglunga. Málið er í skoðun. Gry verður fulltrúi KRAFT á þingi Norðurlandasambandsins í Noregi í lok ágúst.
9. Landsliðsmál. Stjórnin ákvað að fela landsliðsnefndinni að móta reglur um val og undirbúning landsliða fyrir alþjóðakeppni. Nefndinni var líka falið að gera tillögu um landsliðsbúninga.
10. Fjármál. Sambandið hefur fengið kennitölu og bankareikning. Kára hefur samband **við Andra framkvæmdastjóra Afrekssviðs hjá ÍSÍ** og gengur frá málum svo hægt verði að greiða út styrki sem búið er að veita.
11. Dómaramál. Stjórnin ákvað að beita sér fyrir því að fjölga alþjóðadómurum sambandsins og bjóða upp á dómaramámskeið í haust. Dómaralisti KRAFT er í endurskoðun. Ákveðið var að boða formann dómranefndar á næsta stjórnarfund og ræða þessi mál nánar.
12. Önnur mál. Borist hefur erindi frá kraftlyftingadeildar Breiðabliks varðandi kynningu á íþróttina í fjölmiðlum. Ákveðið var að boða fjölmiðlafulltrúa sambandsins **Hjalta Árnason** a næsta stjórnarfund og fara yfir þessi mál.

Fundi slitið klukkan .18:50

2.stjórnarfundur Kraftlyftingasambands Íslands var haldinn þriðjudaginn 8.júni kl. 17.00 á skrifstofu sambandsins í Laugardal. Mættir: Kári Rafn, Guðjón, Auðunn, Birgir, Sigurjón og Gry.

Þetta gerðist:

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt.
2. Sagt frá heimsókn stjórnarmanna hjá UMF Selfoss. Þar hefur verið skipuð ný stjórn, formaður er Bryndís Ólafsdóttir.
3. Stjórnin lýsir þeirri skoðun sinni að opinberir styrkir til íþróttamála fari til aðila innan ÍSÍ.
4. Stjórnin felur Guðjóni að kanna skráningu félagsmanna í Felis.
5. Ný heimasíða kraft.is er komin í loftið. Stjórnin þakkar Klaus Jensen fyrir hans velvild og mikla vinnu í þágu sambandsins.
6. Stjórnin ákvað að hafa það fyrirkomulag framvegis að greiðslu keppnisgjalda verður að inna af hendi áður en skráning á mót tekur gildi. Gry sér um framkvæmd.
7. Mótaskrá. Mótanefnd falið að finna mótshaldara fyrir bikarmót 2010, ÍM bekk 2011 og ÍM 2011.
8. Stjórnin hefur hug á að halda alþjóðlegt mót á Íslandi fljótlega. Málið skoðað áfram. Gry verður fulltrúi KRAFT á þingi Norðurlandasambandsins í Noregi í lok ágúst.
9. Landsliðsmál. Stjórnin felur landsliðsnefndinni að móta tillögur um val og undirbúning landsliða fyrir alþjóðakeppni. Nefndinni var líka falið að gera tillögu um landsliðsbúninga.
10. Fjármál. Sambandið hefur fengið kennitölu og bankareikning. Gjaldkeri vinnur með ÍSÍ vegna greiðslu styrkja.
11. Dómaramál. Stjórnin ákvað að beita sér fyrir því að fjölga alþjóðadómurum sambandsins og bjóða upp á dómaramálskeið í haust. Dómalisti KRAFT er í endurskoðun. Ákveðið var að boða formann dómaramefndar á næsta stjórnarfund og ræða þessi mál nánar.
12. Önnur mál. Borist hefur erindi frá kraftlyftingadeildar Breiðabliks varðandi kynningu á íþróttina í fjölmiðlum. Ákveðið var að boða fjölmiðlafulltrúa sambandsins á næsta stjórnarfund og fara yfir þessi mál.